

LÖG
um breytingu á lögum um áhafnir skipa, nr. 82/2022
(áhafnir björgunarskipa).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er ráðherra heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um menntun og þjálfun á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Slysavarnaskóla sjómanna til skipstjórnar og vélgæslu á björgunarskipum Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem gegna sérhæfðu hlutverki, og um lágmarksréttindi til skipstjórnar og vélgæslu á þeim. Námskrá og listi yfir kennara eru háð samþykki Samgöngustofu sem hefur eftirlit með náminu. Námskvæmt þessari málsgrein skal eingöngu veita réttindi til starfa um borð í björgunarskipum Slysavarnafélagsins Landsbjargar samkvæmt skipaskrá.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 24. desember 2025.

Halla Tómasdóttir.
(L. S.)

Inga Sæland.